

Ed.

154. Nefndarálit

[72. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar er samþykkur því meginatriði þessa frv., að verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengisbreytingarinnar verði reiknaðar út og færðar inn í verðlag landbúnaðarvæðinga um næstu áramót, svo og að gengishagnað af framleiðslu landbúnaðarins á þessu ári skuli nota til þarfa landbúnaðarins.

En með tilliti til þess, hve óhæfilegar tafir hafa orðið á verðlagningu landbúnaðarvæðinga á þessu hausti hjá þeim aðilum, sem um verðlagninguna hafa fjallað, þá leggjum við til, að Hagstofu Íslands verði falið að reikna út hækkanir þær á rekstrarvörum landbúnaðarins, sem eru afleiðingar gengisbreytingarinnar, og að framleiðsluráð landbúnaðarins felli þær síðan inn í verðlagið. Með því móti ætti að vera tryggt, að þeirri endurskoðun, sem mælt er fyrir um í 1. gr. frv., verði lokið fyrir tilsettan tíma.

Enn fremur telur minni hl. n. rétt, að í lögnum verði kveðið nánar á um það en gert er í 2. gr. frv., hvernig verja skuli gengishagnaði á útfluttum landbúnaðarvörum.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Endurskoðaða skal verð á kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér.

Hagstofa Íslands skal reikna út verðhækkanir á innfluttum rekstrarvörum landbúnaðarins, þar á meðal kjarnfóðri, tilbúnum áburði, efnivörum til viðhalds húsa og girðinga, varahlutum, benzíni, olíum og öðru til véla. Einnig meti hún hækkanir á flutningum og öðrum kostnaði.

Framleiðsluráð landbúnaðarins verðskráir landbúnaðarvörurnar í einstökum atriðum á grundvelli útreikninga Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands skal hafa lokið útreikningum samkv. 2. málsg. fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. 2. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, eftir tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966.

Alþingi, 15. des. 1967.

Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason.
frsm.